

- Umhverfisnefnd
Alþingis
b.t. Magnúsar Stefánssonar
formaður
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK
- Reykjavík 10. febrúar 2003 2002110400

566. mál, frumvarp til laga um breytingu á lögum um úrvinnslugjald nr. 162/2002

Vísað er til símtals við formann Umhverfisnefndar 4. febr. sl. um framangreint frumvarp. Tilfni til símtalsins og bréfs þessa er orðalag í greinargerð með frumvarpinu sem gæti valdið misskilningi. Í greinargerðinni segir að ástæðurnar til framlagningar frumvarpsins séu fyrst og fremst framkvæmdalegs eðlis "*þar sem embætti ríkisskattstjóra var ekki tilbúið til að hefja gjaldtöku á þennan hóp við gildistöku laganna þar sem hann er undanþeginn greiðslu bifreiðagjalds og því ekki verið gert ráð fyrir honum við útsendingu greiðsluseðla.*"

Í tilefni af þessu vill embætti ríkisskattstóra taka fram að af hálfu embættisins var tæknilega ekkert því til fyrirstöðu að hefja gjaldtöku í samræmi við lög 1. janúar sl. Gerðar höfðu verið nauðsynlegar breytingar á álagningarforritum og litlu skipti hvort álagning úrvinnslugjaldsins væri látin ná til allra gjaldskyldra bifreiðaeigenda eða ekki. Hins vegar lá fyrir að breytingar þessar og framkvæmd skattlagningar myndu kosta nokkurt fé, sem ekki hafði verið gert ráð fyrir í fjárlögunum. M.a. kostar útsending greiðsluseðla til um 30.000 nýrra gjaldenda, tvisvar á ári, um 3 milljónir króna. Hafði embættið óskað eftir því að fá það staðfest að það fengi fé til að mæta þessum kostnaði á árinu, m.a. með tilliti til þess að samkvæmt lögunum á hluti gjaldsins að renna til þess að greiða kostnað við álagningu og innheimtu þess. Embættið hefur ekki enn fengið úrlausn hvað kostnað varðar og breytir sú frestun sem í frumvarpinu er lögð til engu um hann að öðru leyti en því að helmingur af útsendingarkostnaði ársins 2003, ca. 1,5 m. kr., fellur niður.

Um áætlaðan kostnað embættisins af framkvæmd laga um úrvinnslugjald vísast til umsagnar embættisins um mál nr. 337, sem sent var Nefndarsviði Alþingis með bréfi dags. 30. nóvember 2002.

Virðingarfyllt



Indriði H. Þorláksson

ríkisskattstjóri

Afrit Umhverfisráðuneytið
Fjármálaráðuneytið